



**STAPI**  
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Fulltrúaráðsfundur

8. desember 2021

# Dagskrá fulltrúaráðsfundar



## 1. Setning fulltrúaráðsfundar

- *Tryggvi Jóhannsson*  
*stjórnarformaður*

## 2. Lykiltölur úr afkomu

- *Jóhann Steinar Jóhannsson,*  
*framkvæmdastjóri*

## 3. Framvinda fjárfestingarstefnu og fjárfestingarstefna 2022

- *Brynjar Þór Hreinsson,*  
*forstöðumaður eignastýringar*

## 4. Spá um hækkandi lífaldur

- *Jóhann Steinar Jóhannsson,*  
*framkvæmdastjóri*

## 5. Önnur mál




# Setning fulltrúaráðsfundar

Tryggvi Jóhannsson, stjórnarformaður



# Nokkur praktísk atriði

Fundarmenn eru vinsamlegast beðnir um að hafa slökkt á hljóðnema þegar þeir eru ekki með orðið





Yfirlit rekstrar það sem af er ári



- Um 15 þúsund sjóðfélagar greiddu til sjóðsins í síðasta mánuði frá 11 aðildarfélögum
- Iðgjöld bárust frá á þriðja þúsund launagreiðenda
- Mánaðarleg iðgjöld eru nú um 1.200 m.kr.



- Um 90 þúsund sjóðfélagar eiga 350 ma.kr. sparnað sem sjóðurinn varslar
- Eignavísitala sjóðsins hefur hækkað um 18% sl. 12 mánuði og þar með réttindasjóður sjóðfélaga




- Um 12 þúsund sjóðfélagar þáðu lífeyri frá sjóðnum í síðasta mánuði
- Mánaðarlegar greiðslur lífeyris nema tæplega 700 m.kr.
  - Eftirlaun eru enn langstærsti hlutur lífeyrisgreiðslna eða þrjú fjórðu
  - Greiðslur vegna áfallatrygginga nema rúmlega fjórðungi lífeyrisgreiðslna

# Þróunin það sem af er ári


## Frábær ávöxtun og jákvæð þróun iðgjalda og vanskila



Góð og stöðug ávöxtun það sem af er ári



Vöxtur iðgjalda tekur við sér frá fyrra ári



Ný lífslíkuspá FÍT lögð fram sem mun krefjast mótvægisáðgerða



Viðhöldum áhættustigi eignasafnsins með sölu í eignaflokkum sem hækka mest



Vanskil iðgjalda dragast saman



Lífeyrisgreiðslur vaxa í takti við aukin réttindi þeirra sem nú ná lífeyrisaldri

# Iðgjöld og lífeyrir fyrstu 10 mánuði 2021


Bati í hagkerfinu merkjanlegur í aukningu iðgjalda

	jan-okt 2021	jan-okt 2020	Breyting	
<b>Iðgjöld</b>				
Iðgjöld sjóðfélaga .....	3.135.826	2.906.426	8%	<ul style="list-style-type: none"> <li>Iðgjöld vaxa um 8% frá fyrra ári</li> <li>Launavísitala á almennum markaði hefur hækkað um 5-9% sl. ár</li> </ul>
Iðgjöld launagreiðenda .....	8.468.416	7.841.526	8%	
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	(110.754)	(104.130)	6%	
	11.493.487	10.643.821	8%	
Sérstök aukaframlög .....	300.000	300.000		
	<u>11.793.487</u>	<u>10.943.821</u>	8%	
<b>Lífeyrir</b>				
Heildarfjárhæð lífeyris .....	6.768.070	6.122.487	11%	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lífeyrir hækkar í svipuðum takti og fyrri ár í samræmi við aukin réttindi þeirra sem nú ná eftirlaunaaldri</li> </ul>
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....	69.895	64.180	9%	
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	4.398	1.987	121%	
Eftirlaun frá Tryggingastofnun .....	(776)	(787)	-1%	
	<u>6.841.588</u>	<u>6.185.882</u>	11%	




# Atvinnugreinaskipting iðgjalda

## Heilbrigður vöxtur í öðrum greinum en opinberri þjónustu



# Vanskil eru lág og lækkandi

Vanskil iðgjalda sem hlutfall af iðgjöldum



# Fjárfestingartekjur fyrstu 10 mánuði 2021


Gríðarlega góð afkoma fjárfestinga það sem af er ári

	jan-okt 2021	jan-okt 2020	Breyting
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum ..	40.938.983	16.597.920	147%
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	7.405.264	9.199.058	-19%
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....	21.978	30.267	-27%
Vaxtatekjur af handbæru fé .....	99.245	619.307	-84%
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....	18.178	32.202	-44%
Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði .....	(442)	(723)	-39%
Ýmsar fjárfestingartekjur .....	0	0	
Fjárfestingargjöld .....	(51.251)	(116.674)	-56%
	<u>48.431.954</u>	<u>26.361.356</u>	84%

- Hreinar fjárfestingartekjur aukast um 84% milli ára
- Aukning í hreinum tekjum af hlutabréfum og sjóðum
- Mikil hækkun erlendra framtaksfjárfestinga á árinu
- Einnig góð afkoma af skuldabréfum þó hreinar fjárfestingartekjur dragist saman milli ára

# Hvers vegna færir Stapi ekki upp réttindi eins og LV?


- Í réttindakerfi Stapa hækkar réttindasjóður sjálfkrafa í samræmi við ávöxtun sjóðsins
- Mánaðarlega reiknum við eignavísitölu sjóðsins sem breytist í samræmi við ávöxtun okkar
  - Réttindasjóður breytist með eignavísitölu sjóðsins
- Stapi er eini íslenski lífeyrissjóðurinn sem styðst við þetta fyrirkomulag sem tekið var upp í samþykktir sjóðsins árið 2016
- **Ávöxtun sjóðsins er því skilað beint í réttindasjóð sjóðfélaga án þess að sérstaklega þurfi að gera grein fyrir því**
- **Frá 2016 hefur eignavísitala Stapa hækkað réttindi um 24% meira en það sem reiknuð raunávöxtun hefði gert**





## 2. Framvinda fjárfestingarstefnu og fjárfestingarstefna 2022

Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar




Framvinda fjárfestingarstefnu 2021


# Eignasamsetning og ávöxtun fyrstu 10 mán 2021

Jákvæð ávöxtun í öllum eignaflokkum og heildarávöxtun umfram viðmiðunarvísitölu

## Eignasamsetning og ávöxtun




## Ávöxtun samanborin við viðmiðunarvísitölu



# Ávöxtun það sem af er ári 2021

Hlutabréf að skila mjög góðri ávöxtun umfram væntingar

## Ávöxtun eignasafns samanborin við vænt ávöxtun skv. áætlun



- Ávöxtun frá áramótum er alls **48.275 m.kr.** en vænt ávöxtun á sama tíma er **16.545 m.kr.**
- Ávöxtun á hlutabréfamörkuðum er vel umfram vænta ávöxtun mæld í krónum
- Skuldabréf hafa skilað ávöxtun nær væntingum
- Sérhæfðar erlendar fjárfestingar og erlend skuldabréf hafa skilað ávöxtun undir væntingum á þessum tímapunkti






# Hreyfing eignasafnsins frá áramótum

Í ár hefur verið dregið úr hlutabréfum samhliða mikilli hækkun á virði eignaflokksins


## Hrein viðskipti fyrstu 10 mánuði ársins





# Hlutfall erlendra eigna

Erlendar eignir um 37% en stefnt er að 45% hlutfalli á næstu árum






Fjárfestingarstefna 2022


# Takmarkandi þættir við ákvörðun hagkvæmasta eignasafns



- Áfram stefnt að hækkingu hlutfalls erlendra eigna um 2% á ári til að minnka mótaðila- og landsáhættu



- Horft til þess að hækka ekki hlutfall beins og óbeins fjárfestingarkostnaðar í langtímaeignasafni




- Breytingar á eignasafni takmarkaðar við það sem sjóðurinn treystir sér til að framkvæma innan tímabilsins án þess að hafa áhrif á verðmyndun viðkomandi markaðar
- Einnig mikilvægt að breytingar eigi sér ekki stað í stórum stökkum




- Við úthlutun eigna í eignaflokka er einnig horft til þess að framboð í viðkomandi eignaflokkum samræmist vilja sjóðsins til fjárfestinga í grænum eignum

<b>Eignaflokkur</b>	<b>Eignasafn 10.9.2021</b>	<b>Markmiðssafn 2022</b>
Ríkisskuldabréf	18,7%	15,0%
Önnur markaðsskuldabréf	16,4%	21,5%
Veðskuldabréf og fasteignir	6,7%	8,5%
Innlend hlutabréf	20,4%	15,5%
Erlend skuldabréf	3,6%	5,0%
Erlend hlutabréf	25,3%	29,5%
Aðrar erlendar fjárfestingar	7,6%	5,0%
Skammtímabréf og innlán	1,3%	0,0%
<b>Frekari flokkun eigna</b>	<b>Eignasafn 10.9.2021</b>	<b>Markmiðssafn 2022</b>
Tryggingaeignir	46,7%	50%
Erlendar eignir	36,5%	40%
<b>Ávöxtun og áhætta</b>	<b>Eignasafn 10.9.2021</b>	<b>Markmiðssafn 2022</b>
Ávöxtun	6,0%	6,0%
Áhætta	5,3%	5,5%



## Áhættudreifing safnsins



Með því að reikna út framlag hvers eignaflokks til áhættu er hægt að meta áhrif áhættudreifingar eignasafnsins. Innlend og erlend hlutabréf leggja mest af mörkum í mælda áhættu safnsins en þau vega 46% af eignasafninu. Vegna takmarkaðrar samfylgni eignaflokka má sjá að ábati áhættudreifingar lækkar mælda (vænta) áhættu eignasafnsins um 3,4%.

# Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar

## Hluthafastefna

- Samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021
- Tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi og hvernig við væntum þess að stjórnarháttum fyrirtækja verði háttað
  - Umboðsskylda gagnvart sjóðfélögum
  - Samskipti sem hluthafi
  - Beiting atkvæða á hluthafafundum

## Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021
- Tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrga fjárfestinga sjóðsins
- Stapi byggir viðmið sín um ábyrgar fjárfestingar á þeim grunngildum íslenskra laga á sviði umhverfipáttá og félagslegra þátta
  - Þá byggir sjóðurinn einnig á þeim alþjóðlegu sáttmálum og samningum sem Ísland er aðili að, óháð því hvort að heimaland viðkomandi félags hafi fullgilt viðkomandi viðmið
- Sjóðurinn kann einnig að taka þátt í samstarfi á sviði umhverfispáttá eða félagslegra þátta sem samrýmist fjárfestingastefnu sjóðsins og heildarmarkmiðum sjóðsins um hámarks lífeyrisréttinda sjóðfélaga



# Viljayfirlýsingar og samstarf á sviði ábyrgra fjárfestinga

## Yfirlýsing um sjálfbærar fjárfestingar

- Árið 2020 undirritaði Stapi viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar sem mótuð var af Festu –miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Samtök fjármálafyrirtækja, Landssamtök lífeyrissjóða og Forsætisráðuneytið
- Með þátttöku í samstarfinu lýsir Stapi því yfir að sjóðurinn taki tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og þeirra viðmiða sem stjórnvöld hafa sett sér, t.a.m. markmið Parísarsamkomulagsins og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



## Climate Investment Coalition

- Árið 2021 undirritaði Stapi viljayfirlýsingu um fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum til ársins 2030 í samstarfi við Climate Investment Coalition
- Með yfirlýsingunni staðfesti sjóðurinn vilja sinn til að auka grænar fjárfestingar sínar og styðja við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu í samræmi við Parísarmarkmiðið




# Stapi fjárfestir í grænum eignum

## Stapi gerist aðili að viljayfirlýsingu CIC um fjárfestingu í grænum eignum

- Stapi er einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem hyggjast fjárfesta samtals 4,5 milljörðum Bandaríkjadala (um 580 milljarða króna) í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030
- Sjóðirnir hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC)
- Með yfirlýsingunni er staðfestur vilji til að auka við grænar fjárfestingar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en þar er horft til Parísarsáttmálans
- Climate Investment Coalition (CIC) eru alþjóðleg samtök sem hafa það að markmiði að stuðla að aukinni fjárfestingu í hreinni orku og öðrum umhverfislausnum, svo sem nýtingu jarðhita, vindorku, sólarorku, bættrar orkunýtingar í byggingum og bættri tækni við flutning raforku
- Helst verður horft til fjárfestinga í vottuðum grænum skuldabréfum ásamt verkefnum sem fjármagna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa auk þess sem horft verður til fjárfestinga í hlutabréfum með sama hætti
- Eftir sem áður gilda arðsemismarkmið sjóðsins við skoðun á fjárfestingu í grænum fjárfestingum jafnt sem hefðbundnum
- CIC mun fylgjast með og mæla hvort þátttakendur í verkefniinu standi við yfirlýst markmið og birta niðurstöður sínar árlega


Spá um þróun grænna eigna í eignasafni Stapa



# Eignamarkaðir árið 2022



Gríðarlegar hækkanir á eignamörkuðum að baki – hvað næst?



Áframhaldandi en minnkandi áhrif Covid19




Búast má við meiri mismun á ávöxtun milli og innan eignaflokka



Aukin áhersla fjárfesta á grænar fjárfestingar í kjölfar COP26



Innlendur ferðamannaíðnaður tekur við sér



Vaxtahækkunarferli hafið hér innanlands




Sögulega lágt vaxtastig og hækkandi vextir fela í sér áskoranir í eignastýringu



### 3. Spá um hækkandi lífaldur

Byggt á efni frá Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi

# Hækkun reiknaðs lífaldurs



- Á tímabilinu 1988 hefur reiknaður lífaldur að meðaltali lengst um 2,25 mánuði á ári fyrir karla og 1,5 mánuði fyrir konur
- Aldursbundin dánartíðni hefur greinilega verið að breytast
- Breytingar virðast nokkuð reglulegar
- Að gera ráð fyrir óbreyttri aldersbundinni dánartíðni til framtíðar virðist ekki skynsamlegt

## Eldri aðferð

Lífslíkur metnar m.v.  
reynslutölur 2014-2018




## Tillaga FÍT

CBD módel metur þróun  
lífslíkna árganga frá árinu  
2016-2036

Gert ráð fyrir að breyting á dánartíðni fari  
minnkandi og verði 1% á ári eftir 25 ár  
(frá árinu 2061)

# Væntur lífaldur í nýrri spá FÍT



# Áætluð áhrif á tryggingafræðilega stöðu Stapa

- Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur Stapa hefur reiknað út áhrif framangreindra breytinga án mótvægisaðgerða á skuldbindingar sjóðsins
- Áfallnar skuldbindingar hækka um 10% og framtíðarskuldbindingar um 13%
  - **Heildarstaða versnar um 9,5%**
- Ungur aldur sjóðfélaga leiðir til þess að áhrifin verða meiri en hjá meðalsjóði



## Aukið langlífi er staðfesting á góðum fréttum

- Til að taka af allan vafa – **ný lífslíkuspá FÍT er staðfesting á jákvæðum fréttum** – við erum að lifa lengur
- Varla væru það jákvæðar fréttir að skuldbindingar lífeyrissjóða væru að dragast saman vegna hækkunar á dánartíðni
- Eins og gögnin gefa til kynna er ný spá FÍT aðeins staðfesting á þróun sem er að eiga sér stað, fremur en ný þróun
- Nú er það okkar að **vinna úr þessum jákvæðu tíðindum**



Mótvægisaðgerðir




# Hækkun skuldbindinga vegna lækkunar á dánartíðni

- Lækkun dánartíðni í samræmi við það sem í spánni felst hefur í för með sér auknar eftirlaunagreiðslur miðað við það sem gert er ráð fyrir nú ef engu er breytt
- **Auknar greiðslur þýða augljóslega hærra mat skuldbindinga**
- Það sem getur jafnað út slík áhrif á tryggingafræðilega stöðu er :
  - Iðgjöld verði hækkuð
  - Ávöxtun verði umfram væntingar
  - Lífeyrisgreiðslur verði lækkaðar
  - Töku lífeyris seinkað


# Tillögur Mercer og CFA Institute

- Tillaga FÍT er að síðasti kosturinn verði valinn
  - **Að töku lífeyris verði seinkað**
- Benda má á nýlega skýrslu Mercer og CFA Institute þar sem íslenska lífeyriskerfið fær hæstu einkunn. Helstu atriði sem nefnd eru til að bæta annars gott kerfi eru :
  - minnka skuldir heimilanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
  - **hækka lífeyristökualdur eftir því sem lífslíkur halda áfram að aukast**
  - minnka skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.



# Tillaga FÍT til samræmi við spá


Eftirlaunaaldur hækkar í samræmi við lækkandi dánartíðni eftir árgöngum



# Tillaga FÍT til samræmi við spá

Aðlögun að nýju fyrirkomulagi orsakar tímabundið mismun á væntum lífaldri eftir eftirlaunaaldur milli árganga

Væntur lífaldur eftir eftirlaunaaldur




# Lífaldur og réttindasjóður

- Árið **1971 gat 67 ára karlmaður búist við að lifa í 14 ár**. Segjum til einföldunar að hann hefði átt í sjóði 50 milljónir að núvirði. Hann hefði átt að fá um **fimm milljónir á ári** frá lífeyrissjóði (með vöxtum og reiknuðum lífslíkum) til æviloka.
- Núna, árið **2021 segjum við að jafngamall maður geti búist við að eiga 18 ár eftir ólifuð**. Látum hann líka eiga 50 milljónir. Hann gæti fengið um **fjórar milljónir á ári** í lífeyri frá lífeyrissjóði til æviloka.
- Eftir 50 ár, **árið 2071, er búist við að 67 ára gamall maður eigi 21 ár eftir ólifað**. Hann gæti fengið um **3,5 milljónir í lífeyri** til æviloka fyrir 50 milljónir.

Eftirlaun eru uppsöfnuð – við óbreytt fyrirkomulag og hækkandi lífslíkur þarf hann að endast lengur

Þetta virkar svipað eins og innistæða í banka - ef henni er skipt í jafnar greiðslur yfir lengri tíma lækkar hver greiðsla




# Lífaldur og réttindasjóður - mótvægisáðgerðir

- Lífeyrissjóðir gætu einfaldlega breytt sínum samþykktum þannig að aukið yrði við samþykktirnar töflu sem sýndi **viðmiðunaráldur réttindaöflunar hvers árgangs**
- Tilgreint yrði að **taflan tæki breytingum** í hvert sinn sem fjármálaráðuneyti gefi út nýjar forsendur um útreikning á lífslíkum

Eftirlaun eru uppsöfnuð – við óbreytt fyrirkomulag og hækkandi lífslíkur þarf hann að endast lengur

Þetta virkar svipað eins og innistæða í banka - ef henni er skipt í jafnar greiðslur yfir lengri tíma lækkar hver greiðsla

**Í stað þess að skipta greiðslum yfir lengri tíma og lækka hverja greiðslu má seinka upphafi greiðslna.**





- Mótvægisaðgerðir Stapa geta verið svipaðar og lagt er til í tillögum FÍT
- Við getum **áfram gert ráð fyrir greiðslum í jafnlangan tíma** en verðum að hækka viðmiðunardur lífeyristöku fyrir hvern árgang fyrir sig í samræmi við hækkanði lífaldur
- Skilgreindur yrði **viðmiðunardur lífeyristöku fyrir hvern árgang**
- Réttindi verða ekki skert heldur hækkar viðmiðunardur lífeyristöku frá 67 árum
- Eftir sem áður hafa sjóðfélagar **fullt frelsi til að hefja töku lífeyris á aldrinum 60-80 ára** í samræmi við samþykktir hverju sinni

# Hvenær þarf að bregðast við?

- Fjármálaráðuneytið gefur út svokallaðar **staðalforsendur** sem lífeyrissjóðir nota til að meta skuldbindingar sínar
- Staðalforsendurnar gefur Fjármálaráðuneytið út að fengnum tillögum frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga
- **Verði ný spá FÍT tekin upp í staðalforsendur má búast við því að tillögur að breytingum á samþykktum verði bornar undir næsta fulltrúaráðs- og ársfund sjóðsins á næsta ári**





5. Önnur mál



Möguleikar sjóðfélaga til að hafa áhrif

# Möguleikar til að hafa áhrif

Sjóðfélagar hafa ýmsa möguleika á að hafa áhrif í rekstri og stefnumótun sjóðsins;

- ~~Fulltrúaráðsfundur í desember~~

- ~~Framvinda fjárfestingarstefnu rædd~~
- ~~Lykiltölur úr rekstri~~

- **Fulltrúaráðsfundur í apríl**

- Rætt um hugsanlegar samþykktarbreytingar fyrir ársfund
- Staðfesting tilnefninga í stjórn sjóðsins
- Lykiltölur úr rekstri

- **Ársfundur í maí**

- Fulltrúaráð hefur atkvæðisrétt á fundinum
- Allir sjóðfélagar eiga rétt á því að sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétt



Takk fyrir okkur